# Sparisjóður Höfðhverfinga

## Ársreikningur 2008

Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7
610 Grenivík

kt. 610269-6569

# Efnisyfirlit


Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .......... 3

Áritun óháðs endurskoðanda .......... 4

Rekstrarreikningur .......... 5

Efnahagsreikningur .......... 6

Sjóðstreymisyfirlit .......... 8

Skýringar .......... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi 2008 nam tap ársins 148,4 millj.kr. en bókfært eigið fé í lok árs nam 87,1 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 8,2 % en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 85,3 millj.kr. og skiptist það í 1.374 hluti sem eru í eigu 82 aðila.

Stjórn sjóðsins leggur til að ekki verði greiddur arður til stofnfjáraðila á árinu 2009 vegna ársins 2008. Um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Á árinu störfuðu 4,2 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 4,2 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 30,8 millj. kr.

Fyrir liggur að stjórn sparisjóðsins mun sækja um sérstakt framlag úr ríkissjóði í samræmi við reglur sem byggja á 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Þessar reglur gera ráð fyrir því að ríkið geti keypt stofnfé í sjóðnum fyrir fjárhæð sem jafngildir allt að 20% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins í árslok 2007. Í árslok 2007 var bókfært eigið fé sjóðsins 204 millj. kr. Gæti ríkið því keypt stofnfé fyrir allt að 41,0 millj. kr. Gangi kaup ríkisins eftir á stofnfé í sparisjóðnum mun eiginfjárhlutfall hans nema um 14,9% miðað við stöðu í árslok 2008.

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjórnar**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2008 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Höfðhverfinga hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Grenivík, 17. mars 2009

Stjórn:

Jakob H. Þórðarson, stjórnarformaður

Jón Þorsteinsson

Heimir Ásgeirsson

Juliane Brigitte Kauertz

Oddný Jóhannsdóttir

Sparisjóðsstjóri:

Ingvi Þór Björnsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Höfðhverfinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Höfðhverfinga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grenivík, 17. mars 2009

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

Arnar Árnason

Reynir Stefán Gylfason

# Rekstrarreikningur ársins 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 25.665.451 | 5.864.798 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 203.600.078 | 122.578.453 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 14.437.437 | 54.579.943 |
| | | 243.702.966 | 183.023.194 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 79.050.878 | 36.986.466 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 141.924.685 | 105.317.531 |
| Vaxtagjöld af víkjandi lánum | | 12.889.750 | 6.751.351 |
| | | 233.865.313 | 149.055.348 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 9.837.653 | 33.967.846 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | | 3.838.277 | 2.421.304 |
| Þjónustutekjur | | 11.962.495 | 10.667.633 |
| Þjónustugjöld | | ( 1.906.583) | ( 1.733.972) |
| (Gengistap) -hagnaður | 14 | ( 99.161.583) | 46.342.409 |
| Ýmsar rekstrartekjur | | 11.522.838 | 1.007.114 |
| | | ( 73.744.556) | 58.704.488 |
| **(Hrein rekstrargjöld) hreinar rekstrartekjur** | | ( 63.906.903) | 92.672.334 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 15 | 30.786.986 | 29.219.698 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 44.959.084 | 30.776.668 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | | 309.995 | 213.730 |
| | | 76.056.065 | 60.210.096 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána | | ( 27.583.598) | ( 5.649.867) |
| **(Tap) hagnaður fyrir skatta** | | ( 167.546.566) | 26.812.371 |
| Tekjuskattur | | 19.189.335 | 11.750.288 |
| **(Tap) hagnaður ársins** | | ( 148.357.231) | 38.562.659 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir** | | | |
| Sjóður | | 8.903.988 | 5.852.156 |
| Kröfur á lánastofnanir | 17 | 505.044.587 | 316.142.434 |
| Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals | | 513.948.575 | 321.994.590 |
| **Útlán** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | 18 | 898.643.616 | 863.105.387 |
| Fullnustueignir | | 29.916.916 | 7.607.871 |
| Útlán samtals | | 928.560.532 | 870.713.258 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | 19 | 30.551.590 | 89.496.749 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 19 | 153.040.388 | 249.971.585 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 20 | 3.509.156 | 2.700.881 |
| Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals | | 187.101.134 | 342.169.215 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 22 | 12.132.778 | 12.364.796 |
| Skatteign | | 30.939.623 | 11.750.288 |
| Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur | | 4.496.504 | 3.432.802 |
| Aðrar eignir samtals | | 47.568.905 | 27.547.886 |
| **Eignir samtals** | | 1.677.179.146 | 1.562.424.949 |

# 31. desember 2008

**Skuldir**

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir við lánastofnanir** | 24 | 86.304.089 | 40.230.347 |
| **Innlán** | | | |
| Óbundin innlán | | 766.155.078 | 663.791.632 |
| Bundin innlán | 25 | 235.216.021 | 224.099.860 |
| Innlán samtals | | 1.001.371.099 | 887.891.492 |
| **Lántaka** | 26 | 401.870.356 | 353.912.589 |
| **Aðrar skuldir** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 27.037.814 | 11.257.202 |
| Áfallin gjöld | | 7.838.512 | 8.443.126 |
| Aðrar skuldir samtals | | 34.876.326 | 19.700.328 |
| **Víkjandi lán** | 27 | 65.674.997 | 56.824.775 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 85.311.327 | 40.655.683 |
| Varasjóður | | 1.770.952 | 163.209.735 |
| Eigið fé samtals | 28 | 87.082.279 | 203.865.418 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.677.179.146 | 1.562.424.949 |

**Utan efnahagsreiknings**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 29 | | |

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Tap ársins | | ( 148.357.231) | 38.562.659 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar | | ( 112.468.487) | ( 26.344.534) |
| Veltuhlutabréf, uppfærð | | 98.127.809 | ( 59.591.583) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 18 | 27.583.598 | 5.649.867 |
| Tekjuskattur | 21 | ( 19.189.335) | ( 11.750.288) |
| Aðrir liðir | | ( 4.064.201) | 676.294 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 1.668.315 | 1.616.954 |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 156.699.532) | ( 51.180.631) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á lánastofnanir, breyting | | 264.336.564 | 229.156.015 |
| Útlán, breyting | | 17.342.246 | 5.330.383 |
| Markaðsskuldabréf, breyting | | 40.732.290 | ( 52.106.494) |
| Hlutdeildarfélög, breyting | | ( 808.275) | ( 353.052) |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | ( 1.023.270) | ( 49.253.739) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | 79.433 | ( 1.294.465) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 320.658.988 | 131.478.648 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 46.073.742 | 2.889.778 |
| Innlán, breyting | | 93.474.976 | ( 43.252.313) |
| Lántaka, breyting | | 47.957.767 | 14.747.180 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 15.780.612 | 3.377.375 |
| Víkjandi lán, breyting | | 8.850.222 | 3.145.730 |
| Greiddur arður af stofnfé | 28 | ( 4.065.581) | ( 3.657.653) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 208.071.738 | ( 22.749.903) |
| **Breyting á handbæru fé** | | 372.031.194 | 57.548.114 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 121.245.523 | 63.697.409 |
| **Handbært fé í árslok** | | 493.276.717 | 121.245.523 |

# Skýringar

**1. Reikningsskilaaðferðir**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, hann er gerður í íslenskum krónum.

**2. Hlutdeildarfélög**

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi þeirra hærra en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

**3. Erlendir gjaldmiðlar**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2008. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

**4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld**

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

**5. Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum**

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

**6. Þjónustutekjur**

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

**7. Skatteign**

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi sjóðsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi að heimila lögaðilum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa. Frádráttur er eingöngu heimill ef yfirfæranlegt skattalegt tap, þar með talið tap ársins, hefur verið jafnað. Heimildin gildir um söluhagnað sem myndast á árinu 2008 eða síðar. Áhrif þess á reikningsskil sjóðsins eru þau að ekki er lengur færð í efnahagsreikning tekjuskattsskuldbinding vegna eignarhluta í félögum. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuldbinding lækkað um 13,4 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin var færð á fyrri helming ársins til tekna í rekstrarreikningi.

**8. Útlán**

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2008.

**9. Afskriftareikningur útlána**

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

**10. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum**

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuhlutabréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

**11. Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.

**12. Víkjandi lán**

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. skýringu 28. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

**13. Handbært fé**

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

**14. Aðrar rekstrartekjur**

(Gengistap) gengishagnaður greinist þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf | ( 5.358) | 723 |
| Veltuhlutabréf | ( 49.245) | 46.639 |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | ( 44.559) | ( 1.020) |
| Samtals | ( 99.162) | 46.342 |

Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga | 545 | 600 |
| Aðrar tekjur | 10.978 | 407 |
| Samtals | 11.523 | 1.007 |

**15. Starfsmannamál**

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna að meðaltali | 4,2 | 5,2 |
| Stöðugildi í lok árs | 4,2 | 4,2 |

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 26.068 | 24.796 |
| Launatengd gjöld | 4.719 | 4.424 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 30.787 | 29.220 |

Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Sparisjóðsstjóri, Ingvi Þór Björnsson | 10.634 | 10.210 |
| Stjórnarformaður | 930 | 800 |
| Aðrir stjórnarmenn (6) | 1.860 | 1.600 |
| Samtals | 13.424 | 12.610 |

Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 6,2 millj. kr. í árslok 2008. Í framangreindum fjárhæðum eru lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalin. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

**16. Þóknun endurskoðenda**

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins nam 6,4 millj.kr. árið 2008.

## 17. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 491.545 | 132.351 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 0 | 170.241 |
| Bundnar kröfur á Sparisjóðabanka Íslands hf. samkv. reglum um bindiskyldu | 13.500 | 13.550 |
| Samtals | 505.045 | 316.142 |

## 18. Útlán

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | | |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 105.959 | 80.540 |
| Afurða- og rekstrarlán | 43.257 | 50.386 |
| Víxlar | 3.882 | 3.409 |
| Skuldabréf | 745.546 | 728.770 |
| Samtals | 898.644 | 863.105 |

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Ríki og sveitarfélög | 0,7% | 4,3% |
| Atvinnugreinar | | |
| Landbúnaður | 8,5% | 11,7% |
| Sjávarútvegur | 0,2% | 3,9% |
| Verslun | 1,2% | 4,2% |
| Iðnaður og verktakar | 2,6% | 6,0% |
| Þjónusta | 4,9% | 7,4% |
| Einstaklingar | 81,9% | 62,5% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 85.022 | 6.062 |
| Allt að 3 mánuðir | 60.147 | 46.194 |
| Yfir 3 mánuðir og allt að ári | 106.131 | 91.996 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 228.457 | 192.371 |
| Yfir 5 ár | 418.886 | 526.482 |
| Samtals | 898.644 | 863.105 |

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 144.771 | 138.126 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 113.459) | ( 98.177) |
| Önnur vaxtalaus útlán | 3.220 | 26.862 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals | 34.532 | 66.811 |

**Útlán frh.**

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

| | Afskriftareikningur Sérstakur | Afskriftareikningur Almennur | 2008 Samtals | 2007 Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins | 98.177 | 21.733 | 119.910 | 169.354 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 25.572 | 2.012 | 27.584 | 5.650 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 10.290) | | ( 10.290) | ( 55.094) |
| Afskriftareikningur útlána í lok ársins | 113.459 | 23.745 | 137.204 | 119.910 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 12,2% | 2,5% | 14,7% | 13,6% |

## 19. Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Önnur skráð bréf | 30.552 | 30.552 |

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Veltuhlutabréf: | |
| Óskráð hlutabréf | 16.134 |
| Fjárfestingahlutabréf: | |
| Óskráð hlutabréf | 136.906 |
| Samtals | 153.040 |

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Arður | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Sænes hf., Grenivík | 11,5% | 1.204 | 4.815 | 74.200 |
| Saga Capital Fjárfest.banki hf., Ak. | 0,5% | 0 | 44.000 | 44.000 |
| Pharmartica ehf., Grenivík | 11,1% | 0 | 6.000 | 3.000 |
| Tækifæri hf., Akureyri | 0,3% | 0 | 3.600 | 2.866 |
| Creditinfo Group hf., Rvk. | 0,1% | 0 | 303 | 1.280 |
| FSP Holding ehf., Rvk | 0,2% | 0 | 653 | 1.593 |
| Valitor hf., Rvk. | 0,1% | 0 | 821 | 8.413 |
| Intrum á Íslandi ehf., Rvk. | 0,1% | 0 | 563 | 758 |
| Kreditkort hf., Rvk. | 0,1% | 132 | 441 | 269 |
| Eignarhlutir í 3 öðrum félögum | | 0 | 133 | 527 |
| Fjárfestingarbréf, samtals | | 1.336 | | 136.906 |

## 20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Hlutdeild í afkomu | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Reiknistofa bankanna, Rvk. | 0,4% | 0 | 1.321 | 1.321 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópav. | 0,3% | 0 | 1.231 | 2.188 |
| Hlutdeildarfélög samtals | | 0 | | 3.509 |

## 21. Reiknuð skatteign

Breytingar á árinu greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Reiknuð skatteign í ársbyrjun | 11.750 |
| Áhrif lækkunar á skattprósentu | ( 1.958) |
| Reiknuð skatteign vegna ársins 2008 | 21.148 |
| Reiknuð skatteign í árslok 2008 | 30.940 |

Reiknuð skatteign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 4.576 |
| Rekstrarfjármunir | 3 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap, nýtanlegt til ársloka 2015 | 26.361 |
| Reiknuð skatteign í árslok 2008 | 30.940 |

## 22. Aðrar eignir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Húseignir og lóðir | Húsbúnaður og áhöld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1.2008 | 13.741 | 5.975 | 19.716 |
| Eignfært á árinu | 79 | 0 | 79 |
| Stofnverð 31.12.2008 | 13.820 | 5.975 | 19.795 |
| Afskrifað áður | 2.008 | 5.378 | 7.387 |
| Afskrifað á árinu | 276 | 0 | 276 |
| Afskrifað samtals | 2.285 | 5.378 | 7.663 |
| Bókfært verð 31.12.2008 | 11.536 | 597 | 12.133 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 20-33% | |

Fasteignamat húseigna og lóða nam í árslok 18,4 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 55,5 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 14,7 millj. kr. í árslok.

## 23. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 804 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 705 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 89 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 86 millj. kr.

**24. Skuldir við lánastofnanir**

Skuldir við lánastofnanir sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 86.304 | 40.230 |
| Samtals | 86.304 | 40.230 |

**25. Innlán**

Bundin innlán sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 29.765 | 65.147 |
| Yfir 3 mánuðir og allt að ári | 75.896 | 37.190 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 62.456 | 79.483 |
| Yfir 5 ár | 67.100 | 42.280 |
| Samtals | 235.216 | 224.100 |

**26. Lántaka**

Lántaka er eingöngu í formi lána frá lánastofnunum og koma 100,2 millj. kr. til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi.

**27. Víkjandi lán**

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Verðtryggð lán, vextir 6,5%, gjalddagi 2016 | 65.675 | 56.825 |

**28. Eigið fé**

Stofnfé sparisjóðsins nemur 85,3 millj. kr. og skiptist það á 79 aðila.

| Yfirlit um eigið fé: | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2008 | 40.656 | 163.210 | 203.866 |
| Aukning stofnfé á árinu | 35.639 | | 35.639 |
| Sérstakt endurmat | 2.033 | ( 2.033) | 0 |
| Endurmat vegna verðlagsbreytinga | 6.983 | ( 6.983) | 0 |
| Greiddur arður | | ( 4.066) | ( 4.066) |
| Tap ársins | | ( 148.357) | ( 148.357) |
| Eigið fé 31.12.2008 | 85.311 | 1.771 | 87.082 |

**Eigið fé frh.**

Eigið fé í lok árs nemur 87,1 millj. kr. eða 5,2% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 8,2%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| Hlutfallið reiknast þannig: | 2008 |
|---|---|
| Heildar eigið fé | 87.082 |
| Víkjandi lán | 43.535 |
| Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum | ( 48.911) |
| Eiginfjárgrunnur samtals | 81.706 |
| Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig: | |
| Útlánaáhætta | 64.372 |
| Markaðsáhætta | 2.479 |
| Rekstraráhætta | 13.237 |
| Eiginfjárkrafa | 80.088 |
| Eiginfjárhlutfall | 8,2% |

## 29. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 33.409 | 18.248 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 56.540 | 70.339 |

Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.